

Mýrdalshreppur  
George Frumuselu  
Austurvegi 17  
870 Vík

Reykjavík, 6. júlí 2021  
UST202106-275/A.Þ.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 og deiliskipulag fyrir Ytri Sólheima**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 og nýju deiliskipulagi að Ytri Sólheimum.

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 með síðari breytingum er 1,2 ha reitur á skipulagssvæðinu skilgreindur sem V26, gisti- og ferðaþjónusta. Að öðru leyti er landnotkun á skipulagssvæðinu skilgreind sem landbúnaðarland. Gert er ráð fyrir að stækka svæðið og auka heimilt byggingarmagn. Einnig á að bæta aðstöðu fyrir starfsemi, þ.m.t. byggja húsnæði fyrir starfsmenn og auka við gistimöguleika. Fyrirhugað skipulagssvæði er 7,7 ha að stærð.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

#### **Fjöldi gesta**


Umhverfisstofnun telur æskilegt að í tillögu að deiliskipulagi komi fram hver áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja og heimsækja svæðið er.

#### **Ásýnd**

Í greinargerð kemur fram að áhrif skipulagsins á landslag og ásýnd verði metin. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal þess gætt við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis. Við litaval veggflata og ákvörðun um hæð bygginga skal taka tillit til ásýndar.

Virðingarfyllst,

  
Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

